



cutting through complexity™

Hofsvallagata

Niðurstöður vinnufundar
Umhverfis- og skipulagssviðs
Reykjavíkurborgar með íbúum
18. mars 2014

Ráðgjafarsvið KPMG



Fyrirkomulag vinnufundar um Hofsvallagötuna

Eftirfarandi samantekt inniheldur helstu niðurstöður vinnufundar um Hofsvallagötu sem haldinn var á Hótel Sögu þann 18. mars 2014 og mættu um 60 þátttakendur. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar boðaði til fundarins með það markmið að fá fram hugmyndir íbúa og hagsmunaaðila við endurhönnun götunnar sem borgargötu. Leitast var við að gæta að þáttum eins og þörfum og öryggi hjólandi, gangandi og hreyfihamlaðra ásamt því að horfa til leiða til að draga úr bílaumferð, hávaða, bæta öryggi og loftgæði ásamt lýsingu og umhverfi götunnar. Þessi samantekt inniheldur þá þætti sem komu fram í vinnuhópum fundarins.

Í upphafi fundarins fluttu Stefán Agnar Finnsson og Hildur Gunnlaugsdóttir inngangserindi. Að því loknu stýrðu Sævar Kristinsson og Kristján M. Ólafsson stefnumótunarráðgjafar KPMG hópavinnu sem miðaðist að því að draga fram skoðanir þátttakenda um framtíðaruppbyggingu Hofsvallagötu. Hópavinnu var stýrt í anda “Heimskaffi” (World Café) aðferðar. Á hverju borði sátu fulltrúar borgarinnar í gestgjafahlutverki og sáu um að skrá áherslur og ábendingar fundarmanna. Unnið var með fimm megin þemu á aðskildum vinnuborðum þar sem hver þátttakandi hafði tækifæri á að koma sínum skoðunum og hagsmunum á framfæri:

- **Öryggismál**
 - Leiðir til að gera Hofsvallagötuna öruggari
- **Gróður**
 - Tegund gróðurs og staðsetning
- **Útlit og hönnun**
 - Lýsing, torg, hellur, bílastæði, fyrirkomulag, þversnið, o.fl.
- **Aðgengi fyrir alla**
 - Gangandi, hjólandi & akandi
- **Hofsvallagatan okkar**
 - Allir aðrir þættir

Fyrirvarar

- Samantekt í þessari skýrslu er byggð á vinnufundi með íbúum um framtíðaruppbyggingu Hofsvallagötu. Um er að ræða samantekt á umræðum og ábendingum þátttakenda sem viðstaddir voru á vinnufundinum.
- Síðurnar hér á eftir eru samantekt á hugmyndum, skoðunum og áherslum þátttakenda á fundinum, sem hafa verið flokkaðar eftir áhersluatriðum. Samantektin felur ekki í sér neina túlkun og endurspeglar á engan hátt skoðanir KPMG eða starfsmanna Reykjavíkurborgar.
- Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar kunna að verða á grundvelli skýrslunnar eða samantekta á einstökum atriðum sem í henni eru, er hjá verkkaupa eða lesanda skýrslunnar. KPMG ber því enga ábyrgð á ákvörðunum sem kunna að verða teknar á grundvelli skýrslunnar.

Dæmi um atriði sem fram komu á fundinum

Öryggismál	<ul style="list-style-type: none">■ Almenn áhyggjuefni snúa að umferðarljósum, gönguleiðum, þverunum yfir götuna, hjólastígum, aðkomu að lóðum og bílastæðum í götunni.■ Mikið rætt um hraðakstur hjá öikumönnum sem og akstur gegn rauðu ljósi.■ Nokkrar ábendingar bárust um mögulega lækkun á hámarkshraða götunnar (30-40 km/klst).■ Bent var á að þrengri Hofsvallagata geti reynst erfið fyrir neyðarakstur.
Gróður	<ul style="list-style-type: none">■ Rætt um að gróður eigi ekki að skyggja á sjónlínu vegfarenda og að hann ætti ekki að skyggja á sjónás niður að sjó.■ Bent var á að gróður getur bætt útlit og ásynd götunnar í heild.■ Afstaða til gróðurkassa er misjöfn. Sumir íbúar eru ánægðir með þá meðan aðrir segja þá geta valdið árekstrum, þeir taki pláss og séu orðnir að leiksvæði barna.■ Umhirða á gróðri virðist almennt mega vera í betra horfi samkvæmt skoðun fundarmanna.
Útlit og hönnun	<ul style="list-style-type: none">■ Afstaða til hjólastíga götunnar er misjöfn þar sem ýmist er lagt til að fjarlægja þá, færa, bæta tengingar, breikka eða mjókka.■ Ýmsar tillögur eru um breytingar á hönnun Hofsvallagötunnar. Sumir vilja tvær akreinar, aðrir hringtorg og/eða sér akreinar fyrir hægri/vinstri beygjur.■ Ýmsar hugmyndir erum um bílastæðin í götunni, t.d. að færa þau, fjarlægja, nýta þau eingöngu á nóttunni, eða hafa í núverandi mynd.■ Nokkrar tillögur komu fram um að bæta göngu- og hjólaleiðir, laga gangstéttar, laga þveranir, setja upp sebrabrautir, upphitanir, o.fl.
Aðgengi fyrir alla	<ul style="list-style-type: none">■ Fram komu hugmyndir um að færa hjólandi vegfarendur inn á aðrar götur, t.d. Kaplaskjólsvæg eða Furumel.■ Fjölga þarf bílastæðum við Melabúðina■ Setja ætti upp svæði þar sem foreldrar geta stöðvað bíla sína til að hleypa út börnum á leið í Melaskóla.■ Íbúar í nærliggjandi götum virðast nýta bílastæði við Hofsvallagötu í meiri mæli eftir að þau voru afmörkuð.
Hverfisgatan okkar	<ul style="list-style-type: none">■ Íbúar bentu á mikilvægi þess að bæta snjóhreinsun götunnar.■ Bent var á kosti þess að opna botnlangagötur sem liggja að Hofsvallagötu.■ Velt var upp þeirri spurningu hvers vegna öll Hofsvallagatan var ekki tekin fyrir á fundinum, þ.e. frá Túngötu að Ægissíðu.


Athuga skal að þættirnir sem eru nefnd hér að ofan eru alls ekki tæmandi.



cutting through complexity™

Öryggismál





- 1 Gönguþverun vantar (hættulegt).
- 3 Bílastæði við götukant.
- 4 Hjólastíg milli bílastæða og götu.
- 7 Umferðarljós eða hringtorg.
- 8 Vantar sebrabraut.
- 11 Lengja eyjar, ökumenn bíla taka vinstri beygjur þvert yfir götuna.

Akandi

- Hættuleg gatnamót við Hagaskóla.
- Gatnamót við Ægissíðu eru of víð þar sem enginn veit hver á réttinn. Gönguleið á ljósi fyrir skólabörn.
- Lækka þarf umferðarhraða.



Öryggismál



- 2 Fólk upplifir samsíðabílastæði sem biðröð á ljósum.
- 5 Það vantar bílastæðin sem voru áður í götunni (það er meiri þörf fyrir bílastæði við austanverða götuna).
- 6 Hér er ekið yfir á rauðu ljósi.
- 9 Ein akrein leiðir til umferðar inn í hliðargötur. Hér mætti taka hjólréiðastíginn og setja aftur tvær akreinar.
- 10 Hjólréiðamenn nota ekki stíginn.
- 12 Breytt yfirborð.
- 20 Ökumenn aka hratt í gegnum húsagötur þegar þeir sjá rautt ljós.



Öryggismál

Gangandi

- Umferðarljós við gangbrautir eru góð.
- Öryggi þeirra sem þvera götuna (börn og eldri).
- Það vantar þveranir.

Hjólandi

- Frekar hjóla í hliðargötum en á Hofsvallagötu.
- Hafa frekar hjólastíg á Kaplaskjólsvog
- Gott að fá hjólaleið.
- Hjólreiðamenn þurfa að virða reglur og hjóla eftir akstursstefnu.

Almennt

- Ekkert auka og enga liti.
- Áhyggjur af þrengingu sem skyggir sýn.
- Engan gróður sem skyggir á.
- Breyta ætti litlu þar sem gatan á að vera breiðgata en ekki þröng.
- Taka upp gatnanet frekar en botnlanga.
- Gatan hefur róast og er þ.a.l. betri nú en áður.
- Skortur á yfirsýn þar sem börn sjást ekki.
- Synd að eyðileggja götuna (halda henni óbreyttri en hindra hraðakstur).
- Ekki nútímavæða (hafa breytingar í anda hverfisins).
- Efnisval á yfirborði skiptir mál (sléttar hellur henta öllum).
- Opna Kaplaskjólsvog við Hringbraut.

Akandi

- 30 km/klst hámarkshraði.
- Þetta er tengibraut og neyðarbílar þurf að komast hjá/um.
- Hringtorg við Neshaga og Hagamel.
- Passa að það sé nægt pláss fyrir snjóruðning.
- Gott að lækka hraða og þrengja götu.
- Upphækkaðar hraðahindranir eru góðar ef maður er á ferli en ekki ef maður er í ferðapjónustubílum.
- Hraðakstur við sunnanverða götuna nær Ægissíðu (sérstaklega á kvöldin).

Bílastæði

- Ekki fækka bílastæðum
- Bílastæði hafa minnstan tilverurétt. Hafa frekar hjólastíga, gangstéttir og götu fyrir bíla. Bílastæðin geta verið í hliðargötum og á stærri svæðum við sundlaug.
- Breytileg nýting á götunni, bílastæði á nóttunni.
- Bílastæði eru ekki endilega heilög.
- Færa Melabúðina að Neshaga og skipta við HÍ. Nóg af bílastæðum en gestir Melabúðarinnar leggja inn á lóðum íbúa.
- Ekki endilega bílastæði við Hofsvallagötu.
- Bíllaust svæði hjá Hagaskóla.
- Bílastæði samsíða Hofsvallagötu eru vitlausu megin götunnar (norðan Melabúðar).
- Kaupa part af lóð við blokk hjá Melabúð til að gera fleiri bílastæði við Melabúðina.



cutting through complexity™

Gróður





- 1 Eftir að sól hækkaði á lofti keyra ökumenn á gróðurkassa (þrír áreksrar á þremur dögum).
- 2 Eftir að gatnamótin við Hringbraut voru þrengd jókst umferð við Víðimel. Hröð umferð af fólki sem nennir ekki að bíða á rauðu.

Gangandi

- Áhyggjur af því að gróðurker taki pláss frá gangandi.
- Gróður skapar öryggi fyrir gangandi og sérstaklega fyrir skólabörn en þó þarf að tryggja að hann skyggi ekki sýn. Til dæmis er lagt til að gróðursetja stjúpur.

Hjólandi

- Fólk virðir ekki að hjóla í rétta akstursstefnu á hjólastígum og það geta orðið slys þegar ökumenn aka inn í hliðargötur.
- Hjólastígarnir eru ofan í ræsinu og það hjóla mjög margir frekar á gangstéttinni. Þetta þarf að skoða í endanlegri hönnun. Hjólastígar eru einnig of mjóir.



Gróður

- Gróður tekur pláss frá öðru
- Það er nægur gróður í borginni/hverfinu.
- Nota mætti peninga í annað frekar en að gróðursetja tré.
- Setja mætti stórar aspir í götuna (t.d. við sundlaugina). Ekki voru þó allir fundargestir sammála um kosti aspa sökum þess að þær eru plássfrekar.
- Ekki er hirt um gróðurtungur sem settar voru fyrir um 10 árum.
- Velja þarf réttar plöntur í beðin og hafa plöntuúrval fjölbreytt. Setja ætti fjölæringa sem minnkar viðhaldsvinnuna.
- Setja blómakörfur á ljósastaura.
- Setja þarf réttan gróður á réttan stað í anda hverfisins.
- Hugsa þarf um hvernig viðhaldið á gróðrinum verður. Það vantar yfirleitt alltaf fjármuni til viðhalds.
- Gróðurkassarnir eru ekki að gera sig. Það er arfi í kössunum. Taka ætti gróðurkassana strax.
- Gróíð hverfi með miklum gróðri í gördunum.
- Svæðin fyrir gróðurkassana urðu að leiksvæði fyrir börn eftir breytingu.
- Gatan er ekki aðlaðandi vegna of margra bíla, of breið og of grá. Gróður myndi bæta útlit hennar.

Útsýni

- Útsýni yfir flóann við Ægissíðuna er flott og halda mætti í það.
- Setja mætti gróður í miðjuna en hafa útsýni til allra átta. Til dæmis stór tré sem veita skjól og eru falleg. Blágreni er keilulaga og lengi að vaxa. Barrtré eða sígræn tré sem falla ekki lauf á haustin.

- Láta gróður ramma inn sjónásinn niður að sjó en spurningar vöknudu hvort taka þyrfti þá bílastæðin? Hægt væri að láta trén mynda göng til að skemma ekki sjónlínuna (ekki setja trjáróður). Hugsanlega er þó betra að setja lágvaxinn gróður en jafnvel betra að hafa ekkert (sérstaklega út af öryggissjónamiðum vegna barnanna)
- Passa verður að gróður sé ekki í sjónhæð fyrir öikumenn.

Almennt


- Gera meira úr Hagatorgi.
- Mislitir ljósastaurar.
- Skjólbeta eftir að byggð við Aflagranda kom.
- Setja mætti niðurföllin í miðja götu með vatnshalla þannig að gangstéttin yrði þurr. Niðurföllin sem eru til staðar eru of lítil.
- Verja ætti götuna svo hún sé breiðgata.
- Það er verið að sprejja á körin og farið að sprejja á steypu veggina. Hirðuleysi hefur aukist.
- Gatan er eins og vinnusvæði eftir að framkvæmdir hófust.
- Setja mætti lit í hellulögn til að fá lit í götuna.
- Opna garðinn við sundlaugina og setja bekki, taka girðingu og laga rætur af trjám sem voru tekin.
- Reitir fyrir matjurtargarða hjá sundlauginni (nýta heita vatnið).
- Skrúðgarður við Sundlaugina.



cutting through complexity™

Útlit og hönnun





- 1 Torgsvæði við Vesturbæjarlaug og Melabúð. Hellulagt yfirborð.
- 2 Færa bílastæði.
- 3 Semja við lóðarhafa um land.
 - Möguleiki á að viðbygging verði við Vesturbæjarlaug á bílastæðalóð.
- 4 Meiri þjónusta á svæðið.
- 7 Fjölga stöðum til að fara yfir götuna.

Almennt

- Tryggja sjónásinn.
- Mesta öryggið er í dag við Melabúðina.
- Athuga brunahana fyrir framan Landakot.
- Halda á sjónás frá Landakoti (ekki setja tré fyrir).
- Meiri lit í götuna (t.d. yfirborðsliti eða hellulögn).

- Horfa á hönnun sem eina heild upp að Landakoti.
- Setja miðeyju með gróðri.
- Varðveita sjónlínu frá Túngötu niður að sjó.
- Fleiri upphækkningar til að komast yfir götuna.
- Hugsa botnlanga hliðargatna með íbúum (ef á að opna)
- Passa þarf upp á heildarmynd götunnar og söguna.



Útlit og hönnun



5 Finnst þröngt með hjólastíg sem teppir umferð.

6 Breytingar á gatnamótum. Tvær akreinar í Hofsvallagötu (vinstri beygja).

- Það má mjökka gangstíga til að búa til pláss.
- Ekki setja hraðahindranir.
- Engar sveigjur í götuna.

8 Tillaga um hringtorg og sebragönguleiðir.

- Ekki setja tré heldur hafa góða lýsingu.
- Ekki hellulögn heldur steipt.


9 Fá vatnspósta í götuna (við vesturbæjarlaug og Melabúð).

11 Bílastæði sem að nýtast mjög vel.

12 Skástæði í Hagamel til bóta fyrir Hofsvallagötu. Íbúar í Hagamel nota stæðin á Hofsvallagötu



Útlit og hönnun



Almennt

- Ef allt rúmast er gott að hafa hægt akandi umferð, hjólastíga og bílastæði.
- Það þarf að tryggja aðgengi að strætó.
 - Snjóruðningur að skýlum.
- Áhyggjur af hvernig staðið verði að framkvæmd.
- Enga nýttiskustaura heldur venjulega staura.
- Það vantar betri lýsingu í götuna en þá sem er í dag.
- Huga að aðgengi að KR-svæði m.t.t. iðkenda þegar gatan verður þrengd.
- Það vantar öryggisleiðir út úr hverfinu.
- Val á hellulögn, kantsteini, o.s.frv. í takt við útlit Vesturbæjarins.
- Fegurð götunnar er höfð að leiðarljósi en þó ekki á kostnað aðgengis.
- Aðgengi er númer 1, 2 og 3.



Útlit og hönnun



Almennt

- Marglitar hellur eru ekki skynsamlegar (t.d. vegna sjónskertra, flogaveikra)
- Lýsing þarf að vera hugsuð í anda hverfisins.
- Snjómokstur verði öflugur í götunni.
- Gera meira af steypum veggjum eins og eru efst í götunni.
- Gatan er breiðstræti („Boulevard“). Henni ætti að halda í gamla stílnum.
- Koma á fót kaffihúsi sem þarf ekki endilega bílastæði.
- Ekki of mikla steinsteypu. Væri til dæmis hægt að hafa múrsteina.
- Hafa götuna sveigjanlega m.t.t. sumars, vetur, bílastæða, breidd götu, o.s.frv.
- Fuglahús fín yfir sumarið en breyta ætti vetrarhönnun.
- Gróður er ekki aðalatriðið, þ.e.a.s. meiri gróður.
- Brjóta upp steinsteypa kanta á milli gangstétta.



Útlit og hönnun

Gangandi

- Ekki setja gangstéttir eins og í Borgartúni.
- Gangbrautir eiga að vera í takt við gangstéttir sem er betra fyrir fatlaða/gangandi en verra fyrir bíla.
- Vantar gönguleið syðst.
- Upphitaðir göngu- og hjólastígar.
- Mikil umferð í sundlaugina af gangandi (eldri) borgurum en aldrei mokað.
- Erfitt að ganga frá Hringbraut í sundlaugina.
- Gangstéttar þarf að taka í gegn.
- Stytta þarf leiðir yfir.
- Ekki góð gangbraut til að komast yfir Hofsvallagötu eftir Hringbraut í dag.
- Laga göngutengingar yfir Hringbraut frá Túngötu.
- Huga að gönguleiðum skólabarna.

Hjólandi

- Hjólastíga í aðrar götur með minni umferð (t.d. Hagamel og Kaplaskjólsvæg)
- Hofsvallagata er ekki endilega besta hjólaleiðin (Neshagi er betri).
- Beina ætti hjólum aðrar leiðir.
- Ungt fólk biður um hjólastiginn.
- Hjólréiðarmenn á göngustígum eru hættulegir.
- Núverandi hjólastígur er mikið notaður.
 - Helluleggja gangstéttar en ekki steypa.
 - Hjólastígar þurfa að tengjast öðrum leiðum.
- Ekki pláss fyrir hjólastíga og þá sérstaklega við Hringbraut (vinstri beygja).
- Hafa hjólastíga í öðrum götum.

Akandi

- Umferðarhraði 30-50 km/klst (tryggja flæði).
- Meiri hraði neðar (fyrir neðan Melabúð).
- Setja ætti 30 km/klst hámarkshraða sem allra fyrst.
- Opna aftur Kaplaskjólsvæg, Grenimel og Reynimel fyrir bílaumferð
- Það þarf að lækka umferðarhraða.
- Mögulega að setja 40 km hámarkshraða eins og í Noregi.
- Hvernig minnkum við hraða í götunni án þess að skerða flæði?
- Á svæði milli Melabúðar og Neshaga verði mjög hæg umferð (shared space).
- Umferð um Neshaga þarf að hugsa inn í heildina (útbúa þarf gönguleiðir yfir Neshagann vegna aukinnar umferðar).
- Hugmyndir um að opna botnlanga sem myndi draga úr og dreifa umferð.
- Lækka hraða en ekki minnka flæði.

Bílastæði

- Halda bílastæðum í götunni.
- Þröngt í Hagamel vegna bifreiðastöðu.
- Bílar í merktum stæðum eru fleiri en voru áður í götunni.
- Tryggja þarf bílastæði við Melabúð.
- Bílar gætu verið yfir nótt, t.d. tímatakörk.
- Bílastæði þar sem áður voru ekki bílar. Lítil notkun er á bílastæðum á kvöldin. Ekki fjarlægja bílastæði í götunni norðan Hagamels.
- Nýtilkomið (4-5 ár) að bílum er lagt í götunni.



cutting through complexity™

Aðgengi fyrir alla



Aðgengi fyrir alla (gangandi, hjólandi & akandi)



- 1 Túnið við Vesturbæjarlaug
- 2 Samsíðastæði í stað þess að bakka út.
- 3 Kaupa upp lóð til að skapa svigrúm fyrir stæði fyrir búðina.
- 4 Malbik/steypa
- 5 Bílstjórar sjá ekki umferðarljós á gangbraut.
- 7 Hringtorg
- 9 Sleppistæði fyrir Melaskóla.
- 10 Loka Furumel við Melaskóla á morgnanna (milli 8:00 og 8:30).



Aðgengi fyrir alla (gangandi, hjólandi & akandi)



6 Umferðareyjan þarf að færast til að rúma beygjuakrein.

7 Hringtorg.

8 Sebrabrautir og gönguljós.

Almennt

- Færa strætó nær Melabúð.
- Skilti við Víðimel / þrenging.
- Breið stétt fyrir alla í stað aðskilnaðar.
- Færa Melabúðina á túnið.
- Viðhorfsbreytingar munu eiga sér stað vegna fleira hjólréiðafólks í götunni.
- Sameiginlegt svæði.
- Fagurfræðilegt yfirbragð götunnar ekki gott.



Aðgengi fyrir alla (gangandi, hjólandi & akandi)

Hjólandi

- Neshagi er tilvalinn fyrir reiðhjól.
- Hafa hjól öðru megin og gangandi hinu megin.
- Fólk myndi frekar hjóla ef það væru góðir stígar.
- Hjólreiðar aukast meira en bílaumferð. Þrengingar kalla á meiri mengun.
- Færa hjólaumferð í aðra götu (t.d. Kaplaskjólsvæg eða Furumel).
- Hofsvallagata getur borið hjólaumferð.

Almennt

- Bráðabirgðalausn virkar illa með Melastígnum í götuhæð.
- Lýsing eins og í Borgartúninu virkar ekki nógu vel fyrir hjólastíga og gangstéttir.
- Setja upp biðstöðvar í hæð við strætisvagna.
- Af hverju er gatan ekki skoðuð alla leið upp að Landakoti?
- Hvað tekur við hjá Hringbraut?
- Það þarf að breyta Hringbraut.
- Ekki hafa verið vandræði vegna öryggis.
- Breytilegt eftir árstíðum hvernig gatan er.
- Gatan er öryggisleið fyrir slökkvilið/sjúkrabíl í Vesturbæ.
- Greiða leið allra að hjarta hverfisins.
- Það eru fáar þveranir fyrir gangandi yfir götuna. Tryggja þarf að göngubveranir skólabarna séu vel skilgreindar.

Bílastæði

- Notkun bílastæða í götunni hefur aukist af íbúum í nærliggjandi götum.
- Auka þarf bílastæði við Melabúðina.

Akandi

- Minnka þarf hringtorg við Melaskóla.
- Flæði umferðar má ekki leita inn í hliðargötur.
- Ekki skerða flæðið
- Gatan ber vel umferðina þrátt fyrir þrengingu.
- Bíllinn á ekki einkarétt lengur.
- Hægja á umferð með strætó í götunni.
- Púðar henta vel fyrir strætó.
- Það er tvisvar búið að keyra á skilti.
- Hærri umferðarsektir.
- Hraði minnkaður í 40 km/klst ætti að virka betur.
- Hraðamyndavélar? (persónuvernd).
- Fólk verður pirrað á götunni og fer inn í hverfið.
- Eldra fólk treystir sér ekki til að keyra götuna.
- Flestir sem fara um götuna eru akandi.






cutting through complexity™

Hofsvallagatan okkar



Hofsvallagatan okkar (allir aðrir þættir)




- 1 Upphækkuð gangbraut með hraðahindrun yfir götu rétt við strætóskýli.
- 2 Gera gatnamótin öruggari, bílarnir sem beygja til hægri virða ekki umferð gangandi fólks.
- 3 Gönguleið eða möguleiki á að ganga með öruggum hætti yfir götuna.
- 8 Fegra þetta umhverfi með gróðri.
- 11 Fleiri bílastæði meðfram Melabúð.
- 12 Fleiri liti á miðsvæðinu í kringum Melabúðina og á það svæði.
- 13 Það þarf að gera svæðið frá Neshaga að Melabúð öruggara.
- 14 Fjarlægja þetta horn. Hægja þarf á umferð á svæðinu neðst við götuna (þar er mikill hraði).
- 15 Eðli umferðar neðst á Hofsvallagötu er allt öðruvísi en í norður ofan Sundlaugar (of hröð umferð þarna).

- 16 Setja gönguleið yfir götu en ekki hraðahindrun.
- 17 Taka eyjurnar í burtu.
- 18 Bílastæði hér (máluð). Hafa bílastæðin innan hjólastígsins. Ásýndin er betri að sjónum ef stæðin eru fyrir innan.
- 19 Lítið hringtorg.



Hofsvallagatan okkar (allir aðrir þættir)



5 Færa umferðarljós til norðurs. Þau eru ekki á réttum stað. Lengja umferðareyju (setja hindrun).

6 Fækka bílastæðum meðfram götu (hafa frekar gróður).

7 Prengingarnar í dag eru of nálægt gatnamótum Hringbrautar.

10 Ein akrein er ekki nóg við gatnamót Hringbrautar (hafa tvær).

Gangandi

- Óþörf framkvæmd í óþökk íbúa. Bæta frekar núverandi gangstéttir í borginni.
- Hafa áfram með gönguljós og öflugar sebrabrautir við Hagamel og Hofsvallagötu.
- Góðar gangstéttar sem þjóna gangandi og hjólandi.
- Taka gangstéttirnar í gegn.



Hofsvallagatan okkar (allir aðrir þættir)

Hjólandi

- Hentar Kaplaskjólsvegur ekki betur sem hjólaleið?
- Ekki er hægt að hjóla á núverandi hjólastígum.
- Burtu með hjólastíga. Ekki hafa þá báðum megin. Beina hjólandi umferð í hliðargötunum.
- Hafa kant á milli umferðar og hjólastígs (öruggara).
- Af hverju eru hjólastígarnir ekki settir í Birkimel eða Furumel í stað Hofsvallagötu nær skólanum.
- Hjólastígur utan við, samsíða bílastæðunum.
- Barnafólkið á hjólunum upp á gangstétt en hinir í umferðinni.
- Snjó er aldrei rutt af núverandi hjólareinum.

Bílastæði

- Skortur er á bílastæðum.
- Bílastæði eru fullnýtt (góð nýting).
- Bílastæði ættu eingöngu að vera að næurlagi og bannað að leggja að degi til.
- Bílastæðavandamál við Melhaga að Hringbraut.
- Fyrir aftan Melabúðina eru örfá bílastæði fyrir íbúa.
- Löglegt að leggja í Hofsvallagötu. Íbúar í botnlangagötum, vestan megin, leggja því í Hofsvallagötu.
- Hafa bílastæðin að austanverðu (mest þörf fyrir þau þar).

Akandi

- Er raunhæft að þrengja götu vegna umferðarpunga?
- Stór hringtorg og breiðar götur.

- Þrengingarnar hafa dregið úr hraða (meiri tillitsemi).
- Harður árekstur hefur orðið á Neshaga.
- Hefðu viljað sjá meiri umferðarmælingar í hliðargötum fyrir breytingar í fyrri.
- Gatnamótin hjá Neshaga og Hofsvallagötu eru varasöm. Hér ætti að fá umferðarljós en ekki bara gönguljós.
- Óþarfi að taka beygjuakreinina við Hringbraut.
- Með þrengingu á götunni er verra að komast um hana.
- Hringtorg við Neshaga?
- Setja aftur beygjuakrein við Hringbraut.
- Opna Kaplaskjólsvæg fyrir umferð.
- Kostur að opna Kaplaskjólsvæg við Hringbraut.
- Hraðakstur frá Melhaga að Ægissíðu.
- Opna fleiri tengingar út á Hringbraut sem myndi draga úr hraða (þörf á að breyta kerfinu).
- Hraðakstur í Neshaga sem er sennilega tilkomin vegna gegnumaksturs.
- Aukin umferð frá Hringbraut um Birkimel til Hagamels. Meiri umferð við Melaskóla. Bæta umferðaröryggi og bílastæði.
- Íbúar vilja ekki sjá koddana.
- Stuttur tími er á græna ljósinu við Hagamel. Þar er mikið farið yfir á rauðu ljósi og því þarf að auka gæslu.
- Vilja fá beygjuakreinina við Hringbraut aftur inn.
- Miklar biðraðir myndast til suðurs við Hofsvallagötu.

Hofsvallagatan okkar (allir aðrir þættir)

Almennt

- Hvers vegna er ekki gatan öll tekin fyrir (Túngata – Ægissíða).
- Mjó gata þykir hættulegri en breið.
- Hafa götuna áfram jafnbreiða en bæta lýsingu. Gæta sérstaklega að öryggi barna.
- Opna hliðargötu til vesturs.
- Það sem fólk vill ekki sjá:
 - Ekki ker í götuna
 - Ekki hlykki í götuna.
 - Ekki fuglahús
 - Ekki hringtorg við Ægissíðu
- Enga kassa með gróðri né flögg.
- Gatan er þrískipt og öðruvísi á hverjum stað.
- Það vantar svæði til að hleypa út börnum í skólann, t.d. við Hagamel út við Hofsvallagötu.
- Huga þarf að breidd götu vegna neyðaraksturs og fyrir strætó (6,5 m).
- Snjóhreinsun við Vesturbæjarlaug var léleg í vetur. Frárennsli frá götuyfirborði er einnig lélegt og er mikil pollamyndun.





cutting through complexity™

© 2014 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative (“KPMG International”), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn, kennimark og “cutting through complexity” eru skráð vörumerki KPMG International Cooperative (“KPMG International”).